Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1532
komudagur 17/4 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Bakkafirði 15/4 1996

Efni frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938,um stéttarfélag og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Verkalýðsfélags Skeggjastaðahrepps um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfinni.
Svar Verkalýðsf. Skhr. fylgir hér á eftir:

Verkalýðsfélag Skeggjastaðahrepps krefst þess að frumvarpið verði núþegar dregið til baka, og aðilum vinnumarkaðar verði gefinn möguleiki á að semja um samskiptareglur sín á milli án hótunar um lagasetningu eins og stefnt var að áður en félagsmálaráðherra lagði frumvarpið fram. Sama gildir um önnur frumvörp sem eru í meðferð Alþingis eða væntanleg þangað og fela í sér skerðingu á rétti stéttarfélaga og félagsmanna þeirra.

F.h. Verkalýðsf. Skeggjastaðahrepps

Aldís Gunnlaugsd.

Aldís Gunnlaugsdóttir,form.